



13. fundur stjórnar Aftureldingar 19. janúar 2011

Fundur settur kl. 17:15 að Varmá

Mætt: Anna Sigríður Guðnadóttir, Ásmundur Pálsson, Guðjón Helgason, Helga Jóhannesdóttir, Jón Pálsson, Sævar Kristinsson. Brynjar Jóhannesson framkvæmdastjóri sat fundinn.

- 1) Félagsgjöld
- 2) Afreksráð
- 3) Fyrsta kvöldvaka.
- 4) Dagssetning aðalfundar og skil ársreikninga deilda og aðalfunda þeirra.
- 5) Þorablót
- 6) Búningamál
- 7) Formannafundur
- 8) Þing UMSK
- 9) Önnur mál.

- 1) Félagsgjöld. Stjórn hefur rætt um að taka upp e.k. félagsgjöld fyrir fólk sem vill styðja félagið sérstaklega og er þá hugsunin sú að viðkomandi aðilar fái félagsskírteini og einhver hlunnindi í staðinn. Ákveðið að hrinda áformunum í framkvæmd. Unnið er að nánari útfærslu sem verður kynnt von bráðar. Stjórnin ákvað að árgjaldið yrði 2900 krónur.
- 2) Afreksráð. Ákveðið að boða til fundar þjálfara iðkenda yfir 15 ára og afreksráðs og taka umræðuna um hvernig fólk sér fyrir sér áframhaldandi starf.
- 3) Kvöldvaka. Fyrsta kvöldvakan verður haldin 17. febrúar. Dagskrá ákveðin síðar.
- 4) Aðalfundur UMFA ofl. Aðalfundur deilda skal halda fyrir 15 mars skv. lögum félagsins og aðalfundur félagsins fyrir 1. apríl. Ákveðið að aðalfundur UMFA verði haldinn miðvikudag 30. mars. Framkvæmdastjóri upplýsir að vinna við ársreikninga deilda gangi vel. Í samræmi við ákvörðun síðasta stjórnarfundar þá vill aðalstjórn hitta stjórnir deilda og fara yfir ýmis mál. Framkvæmdastjóri mun hafa samband við formenn deilda og fá upplýsingar um næsta stjórnarfund og óska eftir að fulltrúar úr aðalstjórn fái að mæta. Stjórnirnar fá sent yfirlit fyrirfram um þau atriði sem óskað er eftir að ræða.
- 5) Þorablót. Aðalstjórn býður formönnum deilda á Þorablót Aftureldingar eins og hefð er fyrir og er það frágengið.
- 6) Búningamál. Stjórn Aftureldingar hefur leitað lögfræðialits varðandi lögmæti samninga félagsins um búningamál. Stefnt er að því að það lögfræðialit liggi fyrir á næsta formannafundi. Stjórn Aftureldingar fundaði með búninganefnd og stjórnnum innan handboltans sunnudaginn 16. janúar þar sem allir viðstaddir undirrituðu sameiginlega niðurstöðu varðandi lúkningu þessara mála. Sú niðurstaða verður einnig kynnt á formannafundi.

- 7) Formannafundur. Næsti formannafundur verður haldinn miðvikudag 26. janúar. Eftirfarandi atriði verða á dagskrá: Búningamál, fundir með stjórnnum, félagsgjöld, afreksmál, kvöldvaka, þing UMSK, samningur við Eldingu, samningur við Sportmenn.
- 8) Þing UMSK. Þingið verður haldið 10. febrúar. Auglýst verður eftir áhugasömum fulltrúum á formannafundi.
- 9) Önnur mál. Framkvæmdastjóri hefur gengið frá samningi við Sportmenn sem hafa umboð fyrir Adidas vörur en skv. honum geta iðkendar keypt íþróttaskó á heildsöluverði. Fyrirkomulag verður kynnt á formannafundi. Ákveðið að setja upp opinbera Facebook síðu fyrir UMFA sem aðalstjórn verður ábyrg fyrir.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn miðvikudaginn 2. febrúar kl. 17:15.

Fundi slitið kl. 19:15

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir ritari stjórnar